

Mál nr. 236/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Nafn váttryggingartaka ábyrgðartryggingar(X)

Skaðabótaábyrgð. Verslun/þjónusta.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 28. júní 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 13. júlí 2023, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 30. mars 2021 hafi M verið á leið í verslunina X á Selfossi. Lagði hún bifreið sinni fyrir norðan verslunina og gekk frá bílastæðinu inn á gangstétt fyrir framan bygginguna. Þar féll hún skyndilega um hjólagrind sem staðsett var þvert á gangstéttina, rétt við bílastæðið. Hlaut hún við þetta meiðslu sem hafa verið metin til 12% læknisfræðilegrar örorku. M hefur gert kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu X hjá V vegna tjónsins. V hafnaði bótaskyldu með bréfi dags. 1. júlí 2022. M telur þá höfnun ekki réttmæta og sé ekki í samræmi við gögn málsins og framkvæmd dómstóla í sambærilegum málum. Slysið hafi gerst fyrir framan inngang verslunar X og telur M staðsetningu hjólagrindarinnar hafa verið hættulega og skapað talsverða hættu fyrir viðskiptavinum verslunarinnar. Vegna staðsetningar hennar, við brún bílastæðis, var erfitt fyrir gangandi að sjá grindina og mátti starfsmönnum X vera ljóst að staðsetning hennar fæli í sér mikla hættu á slysum. Bendir M sérstaklega á að verslun X laði að sér gesti í viðskiptalegum tilgangi, og hefur viðurværi sitt af sölu matvöru og annarra neysluvara. Gera verði strangar kröfur til aðbúnaðar á staðnum og að starfsfólk bregðist við augljósri hættu á slysum. Telur M að X beri skaðabótaábyrgð á tjóni hennar, á grundvelli sakarreglu skaðabótaréttar og meginreglunni um vinnuveitendaábyrgð, þar sem slysið orsakaðist af saknæmum og ólögum athöfnum og athafnaleysi starfsmanna X. Vísar M máli sínu til stuðnings til dómaframkvæmdar og reglna um húsnæði vinnustaða nr. 581/1995. Mótmælir M því að slysið megi rekja til eigin óaðgæslu.

V hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X vegna tjónsins. Í bréfi V kemur fram að X hafi ekki fengið ábendingu um að hjólagrindin væri staðsett á hættulegum stað né að önnur slys hefðu átt sér stað við þessa hjólagrind. Þá hafi X ekki svör um hvaða aðili sá um að staðsetja grindina við þennan stað eða ákveður hvar hún eigi að vera. Getur V ekki fallist á að slyshætta hafi verið fyrirsjáanleg af staðsetningu hjólagrindarinnar. Hún sé vel sýnileg og engin slys höfðu átt sér stað fyrir slys M þrátt fyrir þann fjölda fólks sem gekk um þetta svæði á hverjum degi.

Álit.

Ágreiningur málsins snýst um það hvort verslunin X beri skaðabótaábyrgð á því að M hafi dottið um hjólagrind sem staðsett var á gangstétt utan verslunina. Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu, ber sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar ábyrgðar séu uppfyllt. Í þessu máli ber því M sönnunarbyrði fyrir því að líkamstjón hennar verði rakið til saknæmra og ólögum athafna eða athafnaleysis X, starfsmanna þess eða annarra atvika eða aðstæðna sem X ber ábyrgð á. Af gögnum málsins og þá sérstaklega ljósmyndum af vettvangi verður ekki séð að staðsetning hjólagrindarinnar hafi verið óforsvaranleg eða með þeim hætti að augljós hætta á tjóni hafi verið til staðar. Hefur M því ekki tekist að fullnægja þeim sönnunarkröfum sem á henni hvíla og er ekki sýnt fram á að umrætt tjón megi rekja til atvika sem X ber bótaábyrgð á. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu X vegna tjónsins.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 5. september 2023

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir